

114

21. nóv.

Sveitarstjórn Mosfellshrepps ábyrgist starfrækslu einkasímanna eftir því sem landssímastjóri mælir fyrir um, og að línunum sé að öllu vel við haldið.

6. gr.

7. gr.

Brot gegn þessari samþykkt varða sektum allt að kr. 200.00 er renna í sveitarsjóð Mosfellshrepps.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 11, 14. júní 1929 um einkasíma í sveitum til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 21. nóvember 1933.

Magnús Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.

115

5. des.

REGLUR

um störf yfirlýsismatsmanns.

Samkvæmt 5. gr. laga um vinnslu, verkun og mat meðalalýsis nr. 42, 19. júní 1933, eru hérmeð sett eftirfarandi ákvæði um störf yfirlýsismatsmanns.

1. gr.

Yfirlýsismatsmaður skal kynna sér sem bezt alla vinnslu, verkun og meðferð á meðalalýsi, einnig þær breytingar, er kunna að verða á kröfum þeim, sem erlendir neytendur og kaupendur, eða umboðsmenn þeirra hér á landi, gera til lýsisverkunar.

Skal yfirlýsismatsmaðurinn hafa fullkomna þekkingu á gufubræðsluaðferðinni til vinnslu á meðalalýsi, og á þeim aðferðum, sem bezt hafa reynzt og hollastar eru fjörefnum lýsisins, og öðrum eiginleikum þess, við verkun á því og geymslu. Einnig skal yfirlýsismatsmaður hafa sérþekkingu í því að efna greina lýsi og rannsaka ástand þess, sýrumagn, lit, óhreinindi, vatn o. þ. h.

2. gr.

Yfirlýsismatsmaður hefir umsjón með því, að lögnum um vinnslu, verkun og mat á lýsi sé fylgt í hvívetna.

Hann skal gera tillögur um útbúnað löggiltra lýsisvinnslustöðva og lýsisverkunarstöðva, og gefa umsögn eftir sjálfsathugun eða athugun lýsismatsmanns um þær stöðvar, sem starfræktar verða, eftir að lögin um lýsismat ganga í gildi.

Hann skal einnig gera tillögur um rannsókn, flokkun, umbúðir, merkingu **115** og meðferð meðallalýsis og gera athugasemdir um nauðsynlegar breytingar 5. des. síðar meir, á fyrirmælum þar að lútandi, jafnskjótt og þörf gerist.

3. gr.

Yfirlýsismatsmaður skal senda hlutaðeigandi lögreglustjóra tillögur sínar um hverjir skulu skipaðir lýsismatsmenn í lögsagnarumdæmi hans. Getur yfirlýsismatsmaður tilnefnt sama manninn í fleiri en eitt lögsagnarumdæmi. Skal vanda val þeirra eftir því sem kostur er á. Þar sem um kaldhreinsun (Koldklaring) á lýsi er að ræða, skulu lýsismatsmenn hafa aflað sér nauðsynlegrar þekkingar á kaldhreinsunaraðferðinni og meðferð kaldhreinsaðs lýsis.

4. gr.

Yfirlýsismatsmaður skal segja lýsismatsmönnum fyrir um starf þeirra, og kosta kapps um að þeir verði sem færastir um að meta lýsið.

5. gr.

Yfirlýsismatsmaður skal ferðast um allt landið á árinu 1934, til eftirlits með vinnslu og verkunarstöðvum fyrir meðalalýsi, og til þess að hafa tal af lýsismatsmönnum um framkvæmdina á starfi þeirra og leiðbeina þeim í því. Áður en sú ferð er farin, skal yfirlýsismatsmaður hafa tilkynnt lýsismatsmönnum komu sína í tæka tíð, svo að þeir hafi átt kost á að gera nauðsynlegar fyrirspurnir eða athugasemdir, sem sinna þarf áður en eftirlitsförin er farin. Sérstaklega skal lýsismatsmönnum gefinn kostur á að læra að mæla óbundna sýru í lýsi, og ákveða lit lýsis á handhægan hátt.

Yfirlýsismatsmaður skal hvarvetna lita eftir því, sem lýtur að vinnslu og meðferð meðalalýsis, og krefjast ítrasta hreinlætis í meðferð lifrar og lýsis. Skal hann og leiðbeina eftir bestu föngum þeim sem fást við framleiðslu meðalalýsis eða verkun.

Aðrar ferðir af hálfu yfirlýsismatsmanns skulu eigi farnar nema í samráði við atvinnumálaráðuneytið.

6. gr.

Yfirlýsismatsmaður skal skera úr öllum ágreiningi, sem kann að koma fyrir við matið.

7. gr.

Verði yfirlýsismatsmaður þess vis, að einhver lýsisframleiðandi eða útflytjandi brjóti á móti ákvæðum lýsismatslaganna, ber honum að skýra hlutaðeigandi lögreglustjóra frá því tafarlaust.

8. gr.

Nú vanrækir lýsismatsmaður starf sitt, eða leysir það illa af hendi að dómi yfirlýsismatsmanns, og skal yfirlýsismatsmanni þá heimilt að víkja honum frá, en tilkynna skal hann hlutaðeigandi lögreglustjóra samstundis þessa ráðstöfun.

115

5. des.

9. gr.

Yfirlýsismatsmaður skal í lok hvers árs senda stjórnarráðinu skýrslu um störf sín og lýsismatsmanna. Skal í þeirri skýrslu tekið fram um lifrarmagnið, sem notað hefir verið í hverju lögsagnarumdæmi, til framleiðslu meðalalýsis, og um magn lýsisins, sem framleitt var. Einnig skal tekið fram hve mikið lýsi og hverjar tegundir hafi verið fluttar út frá hverjum útflutningsstað.

10. gr.

Heimilt er yfirlýsismatsmanni að setja mann fyrir sig í starf sitt sem yfirlýsismatsmaður, um stundarsakir, að fengnu samþykki stjórnarráðsins. Þó ber yfirlýsismatsmaður fulla ábyrgð á gerðum staðgengilsins.

11. gr.

Yfirlýsismatsmaður gefur vottorð þau, sem hann undirritar sem yfirlýsismatsmaður, án endurgjalds.

12. gr.

Yfirlýsismatsmaður skal áður en hann tekur til starfa, rita undir drengskaparheit um, að hann vilji hlíta reglum þessum, og með alúð og samviskusemi rækja skyldur þær, sem hvíla á honum í stöðu sinni.

Hann verður að sætta sig við þær breytingar, sem gerðar kunna að verða á reglum þessum.

Reglur þessar eru hér með settar samkvæmt lögum nr. 42, 19. júní 1933 um vinnslu, verkun og mat meðalalýsis til þess að öðlast gildi 1. janúar 1934.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 5. desember 1933.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

116

6. des.

SAMÞYKKT

**um forkaupsrétt og forleigurétt Seyðisfjarðarkaupstaðar
á hafnarmannvirkjum o. fl.**

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22, 23. júní 1932, um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl., hefir bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar gert eftirfarandi samþykkt:

Seyðisfjarðarkaupstað er áskilinn forkaupsréttur og forleiguréttur á eftirgreindum fasteignum í kaupstaðnum: